

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

**FÖSTUDAGINN 24. ÁGÚST. 2018. VAR HALDINN 1. FUNDUR SKIPULAGS-
BYGGINGAR-UMHVERFIS OG SAMGÖNGUNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KL 15.00 KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022**

Mættir eru: Samúel Kristjánsson, Hulda Gunnarsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir, Birgir Ragnarsson, Þorbergur Kjartansson, Jóhann Birkir Helgason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan, sveitarstjóri.

Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð.

Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.

Dagskrá:

1. Erindisbréf lagt fram.
2. Kosning formanns, varaformanns og ritara.
3. Fastir fundartímar nefndarinnar.
4. Skipan byggingarfulltrúa.
5. Valkostagreining v/ Kalkþörungaverksmiðju.
6. Bændavirkjun í Hattardal.
7. Framkvæmdir í Súðavík v/ umferðaröryggis – Vegagerðin.
8. Heildarendurskoðun aðalskipulags – stöðukynning.
9. Þorpsgirðing í Súðavík v/ lausafé innan þorps.
10. Hafnarmál.

1. Sveitarstjóri leggur fram erindisbréf nefndarinnar.
2. Pétur leggur til að Samúel Kristjánsson verði kjörin formaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða. Samúel leggur til að Anna Lind Ragnarsdóttir verði varaformaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða. Anna Lind leggur til að Hulda Gunnarsdóttir verði ritari nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.
3. Umræðu frestað til næsta fundar. Formaður boðar til næsta fundar.
4. Nefndin leggur til að Jóhann Birkir Helgason verði skipaður skipulags og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins á næsta sveitarstjórnarfundi.
5. Jóhann Birkir Helgason fer yfir staðarvalkosti vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju. Valkostir 1 – 4 kynntir í tveimur minnisblöðum frá Vegagerðinni.
6. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að óska eftir frekari gögnum áður en nefndin tekur afstöðu til erindisins.
7. Frestað til næsta fundar.
8. Sveitarstjóri kynnir. Ákveðið að Gunnar Páll Eydal komi inn á næsta fund nefndarinnar með kynningu.
9. Sveitarstjóri kynnir að Vegagerðin hafi ekki hug á að færa ristarhlið. Sveitarstjóri kynnir mögulega girðingarframkvæmd frá þorpsmörkum að dvergasteinsgirðingu. Sjá síðustu fundargerð sveitarstjórnar. Formaður leggur til að sveitarfélagið sofi aðeins á málinu og hefji mögulega framkvæmdir næsta vor. Sveitarstjóra falið að kanna með kostnað vegna nýs grindarhliðs.
10. Hafnarsambandsþing verður 25. – 26. október. Hafnarstjóri sækir þingið.

Fundi slitið 16:59

Sign

Guðmundir Birgir Ragnarsson

Þorbergur Kjartansson

Hulda Gunnarsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Samúel Kristjánsson
formaður

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 17: 58